

LÍFEYRISSJÓÐUR VERSLUNARMANNA – ÁRSFUNDUR 2010

Ágætu sjóðsfélagar!

Kerfishrun íslenskrar fjármálastarfsemi hefur að vonum haft gífurleg áhrif á stöðu og starfsemi lífeyrissjóðanna hér á landi.

Lífeyrissjóður verslunarmanna er engin undantekning frá þessu. Það kemur m.a. fram í því að sjóðurinn hefur þurft að afskrifa um 50 milljarða króna vegna hlutabréfa og skuldabréfa á árunum 2008 og 2009 sem nemur um 19% af heildareignum sjóðsins eins og þær voru við hrúnið haustið 2008. Ýmis teikn eru þó um að það versta sé yfirstaðið eins og sést á því að raunávöxtun Lífeyrissjóðs verslunarmanna var jákvæð um 1.1% á síðasta ári.

Vegna þessara áfalla hefur sjóðurinn því miður þurft að grípa til þess í fyrsta sinn frá stofnun árið 1956 að skerða réttindi sjóðsfélaga og þar með lífeyrisgreiðslur um 10%. Þetta eru þung spor en í ljósi aðstæðna óhjákvæmileg.

Það verður þó að halda því til haga að lífeyrir sjóðsins er verðtryggður og með 10% lækkun er verið að færa lífeyrisgreiðslur til sömu krónutölu og var í byrjun síðasta árs. Einnig að þrátt fyrir skerðinguna hafa lífeyrisgreiðslur hækkað meira síðastliðinn áratug en sem nemur hækkun launavísitölu. Þessi staðreynd er auðvitað ekki mikil huggun en engu að síður rétt að hafa hana í huga þegar fyrir liggur að tekjur á almennum vinnumarkaði hafa mikið staðið í stað frá haustmánuðum 2008 og gjarnan lækkað vegna erfiðrar stöðu atvinnulífsins og samdráttar á vinnumarkaði.

Þá er rétt að minna á að frá árinu 1997 hækkaði Lífeyrissjóður verslunarmanna lífeyrisréttindi sjóðsfélaga um 21% umfram verðlagsbreytingar í þremur áföngum. Eftir 10% skerðingu réttinda nú nemur hækkun lífeyrisréttinda sjóðsfélaga samt sem áður 9% frá árinu 1997.

Það er mikilvæg staðreynd að Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur ekki þurft að skerða réttindi sjóðsfélaga í rúmlega hálfari öld – fyrr en núna í kjölfar þeirra miklu áfalla sem dundu yfir þjóðina. Það hjálpar einnig til að unnt reyndist að auka réttindin um 21% á síðustu 12 árum þannig að enn er aukning réttinda 9% yfir það tímabil, þegar búið er að taka þessa skerðingu. Það verður að teljast jákvætt þrátt fyrir allt.

Tryggingarfræðileg staða sjóðsins er reiknuð á hverju ári og nýtur stjórn sjóðsins aðstoðar Bjarna Þórðarsonar tryggingarstærðfræðings við það sem og hvernig bregðast skuli við niðurstöðum þeirra útreikninga. Samkvæmt lögum er heimilt að búa við allt að 10% tryggingafræðilegan halla þó, tímabundið hafi heimild verið hækkuð í 15%, og eins er ekki skylt að útdeila afgangi þó sjóðurinn sé gerður upp í plús nema afgangurinn fari fram yfir 5%. Löggjafinn heimilar þannig nokkurn sveigjanleika í þessu efni. Staða sjóðsins um síðustu áramót var neikvæð um 10.8% en hallinn hefur myndast vegna áhrifa hrunsins á eignir sjóðsins og vegna hækkandi meðalaldurs sjóðsfélaga.

Það var samdóma álit tryggingarfræðings okkar og stjórnar sjóðsins að ójákvæmilegt væri að grípa til lækkunar réttinda en eftir breytinguna verður áætluð tryggingafræðileg staða neikvæð um 5.5%. Með því er staðan talin viðunandi og ekki síður verður að hafa í huga að sanngjarnt er að gera sjóðinn þannig upp að sátt geti verið milli kynslóða. Ef hallinn er of mikill leiðir það til þess að yngri sjóðsfélagar

bera byrðar hinna eldri - sem hlýtur að teljast ósanngjarnt. Á síðasta ári heyrðust einmitt þær gagnrýnisraddir þegar stjórn sjóðsins ákvað að leggja ekki til skerðingu. Nú er komið til móts við þau sjónarmið.

Góðir fundarmenn!

Öllum sárnar okkur hvernig fór fyrir íslensku samfélagi í bankahruninu. Stærstu bankar landsins hrundu til grunna og fjöldi annarra fjármálastofnana fylgdu á eftir. Mörg af stærri fyrirtækjum landsins féllu einnig. Hér varð kerfishrun.

Lífeyrissjóðirnir eru – þrátt fyrir þau áföll sem þeir urðu fyrir – nánast einu fjármálastofnanir landsins sem eftir stóðu. Þeir munu ná fyrri styrk og verða áfram kjölfesta í sparnaði landsmanna. Við þurfum að standa vörð um lífeyrissjóðina og efla þá til frekara gagns fyrir sjóðsfélaga og samfélagið allt.

Í íslensku lífeyrissjóðunum eru nú meira en 1.800 milljarðar króna og íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum þrátt fyrir fyrrnefndan mótbyr og þrátt fyrir allt sem sagt hefur verið um sjóðina þeim til hnjóðs. Einungis Hollendingar og Svisslendingar standa okkur jafnfætis að þessu leyti en þessi þrjú ríki eiga sparnað í lífeyrissjóðum sem nemur 120-130% af landsframleiðslu en önnur ríki standa þar langt að baki. Þetta er mikilvægt fyrir framtíðarsparnað Íslendinga og lífeyrissjóðirnir munu gegna lykilhlutverki í endurreisn Íslands ef vel tekst til og sjóðirnir fá góðan stuðning og vinnufrið.

Af 1.800 milljarða eignum íslensku lífeyrissjóðanna eru 530 milljarðar króna í erlendum eignum eða um 30%. Þessi fjárhæð þyrfti að vera hærri til að tryggja betri áhættudreifingu á eignum sjóðanna. Íslenska hagkerfið hefur ekki reynst betur en svo að landsmenn væru mun

betur settir með hærra hlutfall eigna sjóðanna geymt og ávaxtað í öðrum hagkerfum en hinu íslenska. Því eru núverandi gjaldeyrishöft sjóðunum skaðleg og við hljótum að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau hraði afnámi gjaldeyrishafta sem mest má verða.

Í ljósi þess hve eignir lífeyrissjóðanna eru miklar á mælikvarða okkar smáa, skaddaða og veikburða samfélags, er mikilvægt að stjórnir lífeyrissjóðanna og sjóðsfélagar standi vörð um hagsmuni þeirra og gæti þess að opinberir aðilar ásælist ekki eignir þeirra þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður sem nú eru ríkjandi. Lífeyrissjóðirnir eiga að vinna vel og faglega með ríki, sveitarfélögum og stofnunum og fyrirtækjum þeirra en aldrei má gefa afslátt af meginkröfum sjóðanna um ávöxtun og öryggi.

Í skýrslu sem Lífeyrissjóður verslunarmanna fékk Capacent, óháð ráðgjafafyrirtæki, til að gera sl. vor og kynnt var á ársfundi sjóðsins fyrir ári, kom m.a. fram að Lífeyrissjóður verslunarmanna kom vel út í öllum samanburði við aðra íslenska lífeyrissjóði. Íslenska lífeyrissjóðakerfið stóðst að auki vel allan samanburð við lífeyrissjóðakerfi í hinum vestræna heimi – þrátt fyrir hrunið á Íslandi – og þrátt fyrir það að í flestum samanburðarríkjunum urðu áföll. Hvergi hrundi bankakerfið til grunna nema hér, því ríkisstjórnir viðkomandi landa komu þeim til hjálpar. Höggið sem við Íslendingar fengum í kreppunni varð því miklu þyngra en víðast hvar annars staðar. Í ljósi þess verður að líta þannig á að innviðir Lífeyrissjóðs verslunarmanna hafi verið sterkir fyrir hrunið eins og sjá má af því hve hratt sjóðurinn nær sér á strik eftir áfallið.

Eignir Lífeyrissjóðs verslunarmanna nema nú tæpum 300 milljörðum króna, voru 283 milljarðar um síðustu áramót en 249 milljarðar í lok

árs 2008. Í árslok 2007 – fyrir hrunið – námu eignir sjóðsins 269 milljörðum króna þannig að stærð sjóðsins er nú komin nokkuð yfir það sem var fyrir hrun - í krónum talið.

Eignir Lífeyrissjóðs verslunarmanna eru um 16% af heildareignum íslenskra lífeyrissjóða.

Mikill fjöldi sjóðsfélaga á hér hagsmuna að gæta. Virkir sjóðsfélagar voru yfir 32 þúsund á síðasta ári og tæplega 48 þúsund greiddu eitthvað til sjóðsins á árinu. Um 127 þúsund sjóðsfélagar eiga einhver réttindi hjá sjóðnum og 9.348 fengu greiddan lífeyri á síðasta ári. Allir þessir aðilar eiga rétt til setu á þessum ársfundi þannig að hingað hefðu að réttu mátt koma 136 þúsund manns í kvöld!

Ég nefni þessar tölur til að leggja áherslu á hve Lífeyrissjóður verslunarmanna er mikilvægur í íslensku samfélagi og hve við erum gífurlega mörg sem eigum hér réttindi og hagsmuna að gæta.

Það er því mikilvægt að vel takist til um rekstur sjóðsins og að sem best sátt geti verið meðal sjóðsfélagana.

Stjórn sjóðsins er engu að síður ljóst að atburðir síðustu missera hafa valdið vonbrigðum og reiði. Skerðing réttinda er öllum erfið.

Stjórnin hefur því gripið til margháttæðra aðgerða til að efla sjóðinn og búa hann sem best undir verkefni sín í framtíðinni. Í þessu sambandi vil ég nefna nokkur atriði:

1. Unnið hefur verið að stefnumótun með aðkomu Capacent ráðgjafar. Megináhersla var lögð á að móta stefnu varðandi hlutverk sjóðsins, framtíðarsýn og grunngildi. Ragnar Öundurson, varaformaður, mun hér á eftir gera grein fyrir

meginþáttum stefnunnar en stefnumótunarvinnan var unnin í formannstíð hans.

2. Innleiddar hafa verið skýrari siða-og samskiptareglur sem taka á ýmsum mikilvægum þáttum varðandi starfsmannastefnu og vinnubrögð stjórnar og starfsmanna sjóðsins í störfum fyrir hann. Reglunum er ætlað að efla vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins.
3. Stjórnin hefur markað þá stefnu að auka upplýsingagjöf Lífeyrissjóðs verslunarmanna til sjóðsfélaga og annarra. Liður í því var opnun fjárfestingavefs á heimasíðu sjóðsins í desember sl. Þar er unnt að nálgast með aðgengilegum hætti upplýsingar um fjárfestingar sjóðsins, fjárfestingarstefnu, ávöxtun, eignastýringu og eignasamsetningu. Fundarmenn munu heyra það í ræðu framkvæmdastjóra hér á eftir að í máli hans koma fram meiri upplýsingar um eignasafn sjóðsins en venja hefur verið á ársfundum hingað til. Okkur er ljóst að krafa samfélagsins er um meira gagnsæi og nánari upplýsingar um málefni mikilvægra stofnana eins og lífeyrissjóða. Við höfum fullan vilja til að upplýsa sem mest og ganga eins langt í upplýsingagjöf og frekast er heimilt samkvæmt lögum og reglum og hagsmunir sjóðsins sem fjárfestis leyfa á hverjum tíma. Við fengum gagnrýni á síðasta ársfundi fyrir að segja ekki nákvæmlega hve mikið hafði verið lagt til hliðar og afskrifað vegna krafna á einstök fyrirtæki. Þá var það mat stjórnarinnar að upplýsingar um það gætu skaðað hagsmuni sjóðsins í vinnu hans við að ná sem mestum verðmætum til baka. Nú hafa flest þessara mála verið leidd til lykta og er sjóðurinn því í betri aðstöðu til að gefa

nákvæmari upplýsingar. Það munið þið heyra í ræðu framkvæmdastjóra hér á eftir.

4. Eins og kynnt var á ársfundi sjóðsins fyrir einu ári og ég vék að hér að framan, fékk Lífeyrissjóður verslunarmanna Capacent ráðgjöf, óháð ráðgjafafyrirtæki, til að gera heildarúttekt á sjóðnum. Var þeim falið að gera ítarlega úttekt á starfsemi og árangri sjóðsins ásamt samanburði við aðra íslenska lífeyrissjóði og einnig lífeyrissjóði á Vesturlöndum. Einnig var þeim falið að meta með hvaða hætti stjórn sjóðsins hafi sinnt lögboðnu eftirlitshlutverki sínu og hvernig sjóðurinn hafi framfylgt ákvæðum laga og reglna um starfsemi lífeyrissjóða. Capacent ráðgjöf skilaði vandaðri skýrslu sem verið hefur aðgengileg á heimasíðu LV nú í heilt ár. Mér þykir engu að síður rétt að vekja athygli á þessu verki að nýju því ég hygg að skýrslan hafi ekki fengið þá athygli sem hún verðskuldar. Í stuttu máli er það niðurstaða skýrsluhöfunda að Lífeyrissjóður verslunarmanna komi vel út í samanburði við aðra íslenska lífeyrissjóði. Þá sé íslenska lífeyrissjóðakerfið í allra fremstu röð á Vesturlöndum og sé hagkvæmt í samanburði við lífeyrissjóði OECD ríkja. Skýrsluhöfundar komast einnig að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð hjá sjóðnum hafi staðist þær kröfur sem gerðar voru og að rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna hafi verið lægri en almennt gerist hjá sambærilegum sjóðum. Full ástæða er til að hvetja sjóðsfélaga til að kynna sér efni skýrslunnar en í henni er safnað saman mikilvægum upplýsingum um sjóðinn og lífeyrissjóði almennt. Loks svarar skýrslan mörgum þeirra spurninga sem velt er upp nú um þessar mundir og einnig margháttaðri gagnrýni sem fram hefur komið.

Góðir fundarmenn!

Á síðasta ári urðu miklar breytingar á stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna. VR, sem skipar 4 af 8 stjórnarmönnum, tilnefndi 3 fulltrúa í stjórn sem komu nýir inn í aðalstjórn. Atvinnurekendamegin komu 2 af 4 nýir inn. Þannig eru nú 5 fulltrúar í stjórn sjóðsins sem komu fyrst inn í stjórnina árið 2009. Fyrir um ári sagði þáverandi forstjóri sjóðsins starfi sínu lausu og hvarf frá sjóðnum. Stjórnin réði Guðmund Þ. Þórhallsson, viðskiptafræðing, í stöðu framkvæmdastjóra í hans stað. Guðmundur hefur starfað hjá sjóðnum í 12 ár. Hann var valinn úr hópi 40 umsækjenda um starfið sem var auglýst sl. sumar. Það er því ljóst að meiri breytingar hafa orðið á stjórn og framkvæmdastjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna en hjá flestum öðrum íslenskum sjóðum.

Öðru hvoru koma fram skoðanaskipti um fyrirkomulag á vali stjórnarmanna til setu í stjórnnum lífeyrissjóða. Meginreglan varðandi val á stjórnarmönnum íslensku lífeyrissjóðanna er sú að launþegahreyfingin tilnefnir helming stjórnarmanna og samtök atvinnurekenda hinn helminginn. Þannig er þessu háttað hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna og er fyrirkomulagið bundið í kjarasamningi. Með sama hætti er valið í stjórnir margra annarra sjóða, t.d. nokkurra þeirra stærstu. Má þar nefna Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, Gildi, Sameinaða lífeyrissjóðinn, Stafi, Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Dæmi eru um að aðalfundur kjósi stjórnarmenn og einnig þekkist blönduð leið tilnefninga og kosninga. En tilnefning er langalgengust.

Góð samstaða hefur verið um þetta fyrirkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og hafa þeir kappkostað að standa að stjórnun lífeyrissjóðanna af yfirvegum og festu.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar alþingis segir m.a. um lífeyrissjóðina: „Uppbygging hins íslenska lífeyrissjóðakerfis er dæmi um framsýni forystumanna á vinnumarkaði.“

Aðilar vinnumarkaðarins hafa haft skilning á mikilvægi lífeyrissjóðanna fyrir sjóðsfélaga og samfélagið í heild. Þeir hafa því kappkostað að efla þá og styrkja, m.a. með þátttöku í stjórnun þeirra.

Vegna umræðna um fyrirkomulag á vali stjórnarmanna, var kallað eftir upplýsingum um það hvernig þessu er hagað í nágrannalöndunum. Í skýrslu sem forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands tók saman árið 2004, kom fram sú meginniðurstaða að fyrirkomulag á vali stjórnarmanna hér á landi væri hið sama og í nágrannalöndunum, þ.e. að almenna reglan væri sú að fulltrúar launþega og atvinnurekenda væru skipaðir til helminga.

Samanburður var gerður við eftirtalin lönd: Bretland, Danmörku, Finnland, Holland, Írland, Noreg og Svíþjóð. Og meginniðurstaðan var þannig orðrétt:

„Almennt virðast reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.“

Það fyrirkomulag sem reynst hefur vel hér á landi er því í samræmi við það sem nágrannalöndin hafa. Hér er því ekki um neitt séríslenskt fyrirbæri að ræða heldur fyrirkomulag sem hefur einnig þótt farsælt í öðrum löndum.

Góðir fundarmenn.

Þeir sem gagnrýna lífeyrissjóðina í kjölfar bankahrunsins halda því gjarnan fram að stjórnendur þeirra hefðu átt að sjá fyrir ýmsa atburði sem urðu á íslenskum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Erfitt er að sjá að sanngjarnt sé að halda því fram. Stjórnendur lífeyrissjóðanna voru í góðri trú og þeir áttu ekki von á öðru en verið væri að vinna af heilindum á þessum mörkuðum. Þeir atburðir sem urðu víða um heim höfðu keðjuverkandi áhrif sem fáir sáu fyrir. Atburðir á Íslandi urðu svo miklu stærri og hrikalegri en í nágrannalöndunum með afleiðingum sem við þekkjum öll. Til eru Íslendingar sem höfðu varað við í ræðum og blaðagreinum. En þeir eru sárafáir. Flestir sáu allt í skýru ljósi eftir á og margir hafa fallið í þá freistni að gera þá kröfu til annarra að þeir hefðu átt að sjá atburðina fyrir og gera ráðstafanir í samræmi við það.

Þórarinn Eldjárn, skáld, kemst þannig að orði um þetta í bók sinni, Alltaf sama sagan: „Það var ekki fyrr en eftir hrunið sem allir sáu það fyrir.“

Ein af meginniðurstöðum skýrslu Rannsóknarnefndar alþingis er að flest bendi til þess að íslenskir bankar og mikilvægir aðstandendur þeirra hafi stundað markaðsmisnotkun í viðskiptum með hlutabréf og í gjaldeyrisviðskiptum sem leiddi m.a. til þess að íslenska krónan féll með gríðarlegum afleiðingum fyrir þá sem skulduðu í erlendri mynt.

Lífeyrissjóður verslunarmanna var með gjaldmiðlavarnarsamninga í gildi hjá tveimur af stóru bönkunum. Við fall krónunnar varð umtalsvert tap á þeim samningum. Tapið var fært var til gjalda hjá

sjóðnum í ársreikningi 2008. Í ljósi þess sem fram kemur í skýrslunni telur stjórn sjóðsins einsýnt að látið verði reyna á það fyrir dómstólum hvort sjóðurinn hafi verið beittur blekkingum. Kröfur verða gerðar um bætur sjóðnum til handa. Ekkert annað kemur til greina en að fá niðurstöðu dómstóla í þessum alvarlegu málum. Okkur er kunnugt um að aðrir lífeyrissjóðir, sem eru í svipaðri stöðu, hafa uppi sambærileg áform um lögsóknir.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar alþingis er fjallað lítillega um lífeyrissjóðina. M.a. er vikið að framvirkum gjaldeyrissamningum en sjóðunum hefur verið heimilt að gera slíka samninga samkvæmt lögum frá 1997. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um það hvort lífeyrissjóðir eigi að gera slíka samninga. Þeir sem eru því mótfallnir gefa til kynna að með gerð þeirra sé verið að stunda „spákaupmennsku“. Forsvarsmenn lífeyrissjóða telja að þessi leið hafi verið fagleg og heppileg fyrir hagsmuni sjóðanna og ljóst sé að árangur af gerð slíkra samninga hefði verið góður, ef allt hefði verið með eðlilegum hætti. Menn gátu ekki séð fyrir að áhrifaaðilar tækju stöðu gegn íslensku krónunni með þeirri gengisfellingu sem af því leiddi.

Fram hafa komið hugmyndir frá aðilum vinnumarkaðarins um það að fram fari athugun á samskiptum lífeyrissjóðanna við íslensku bankana síðustu árin fyrir hrunið. Mér finnst það vel koma til greina og þá ætti að skoða sérstaklega hvort eitthvað hafi verið athugavert við það faglega séð að gera gjaldeyrisvarnarsamninga við þær aðstæður sem ríktu og í samræmi við þær lagaheimildir sem voru í gildi frá árinu 1997. Það er illt fyrir lífeyrissjóðina að liggja undir ásökunum um „spákaupmennsku“ varðandi þessa þætti, sem einmitt voru ætlaðir til að draga úr áhættu og læsa inni fengna ávöxtun. Því væri mikils virði

að fá úr því skorið af sérfróðu fólki hvað geti talist rétt og eðlileg vinnubrögð á þessu sviði.

Þá er ekki síður mikilvægt að fá faglegt álit á því hvernig samskiptum sjóðana var háttað við bankakerfið og hvort rétt er sem haldið hefur verið fram í fyrrnefndri skýrslu að bankarnir hafi beitt markaðsmisnotkun sem bitnaði á viðskiptavinum, þar með töldum lífeyrissjóðum.

Slík athugun kæmi til viðbótar við þá skýrslu sem Landssamtök lífeyrissjóða létu taka saman um þann lærdóm sem draga má af hruninu og einnig til viðbótar hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna við þá ítarlegu skýrslu sem Capacent ráðgjöf gerði fyrir sjóðinn í fyrra.

Á meðan annað kemur ekki á daginn er ekki við öðru að búast en að lífeyrissjóðirnir í landinu upplifi sig sem þolendur í bankahruninu. Þeir voru engir gerendur í því efni og ég held því fram að starfsmenn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verslunarmanna hafi unnið störf sín í góðri trú og ekki verið í stöðu til að sjá fyrir skelfilega atburði hér á landi og erlendis.

Góðir fundarmenn.

Að lokum þetta:

Við eigum öll mikið undir því að vel takist til um starfsemi Lífeyrissjóðs verslunarmanna á komandi árum. Við erum sjóðsfélagar og við gætum hagsmuna okkar sjálfra og sjóðsins í heild. Við erum á sama báti.

Sjóðurinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í meira en hálfa öld og rekstur hans hefur verið farsæll. Hann fékk ágjöf í hruninu eins og allir Íslendingar, öll íslensk fyrirtæki og allar íslenskar stofnanir.

Sjóðurinn hefur verið drifhjól í efnahagslífi landsmanna og þarf að vera það áfram.

Lífeyrissjóður verslunarmanna verður fljótur að rétta hlut sinn og ná sér á strik af miklum krafti – sjóðsfélögum og samfélaginu öllu til heilla því innviðir sjóðsins eru sterkir. Um þetta er ég fullviss.

Stöndum vörð um Lífeyrissjóð verslunarmanna.

Takk fyrir.